KVENNABLAÐIÐ

1919

TUTTUGASTI OG FIMMTI ÁRGANGUR

ÚTGEFANDI OG RITSTJÓRI:

BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG
1919

P Scan 1506.5

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

EFNI.

Að gefnu tilefni 00.
Aldur foreldranna og heilsufar barnanna 59.
Alþjóða kvennafunduriun í Zürick 12—17 maí 1919 51.
Alþýdumentun og alþýdufræðsla 26.
Áskorun til íslenzkra kvenna 21.

Barnadagurinn 34.
Barnadagurinn 49.
Bréf frá Wien 81.
Burknar 69.

Dr. Rew. Anna Howard Shaw 52.

Eiga kournar að mynda hlutlausann flokk? 02.

Frá Alþingi 44.
Fréttir úr Reykjavík 43.
Friðarfundur kvenna í París 22.
Friðarfundir í Haag 4.
Frú Þóra Melsteð, með mynd 25.
Fyrstu skilyrðin 10.

Guðmundur Guðmundsson skáld. Kvæði með mynd 44.

Hannyrðir 65.
Hjónabandslöggjöfin og barnalöggjöfin 9.
Hringsjá: Hið nýja hlutverk þýzkra kvenna 18. — Sigurför kosningarréttar kvenna 47—52.
Húsmæðurnar í Wien 76.

Kosningarnar 15. nóvember og konurnar 73.
Kringsjá 68.
Kvennablaðið 1919 1.
Kvennadagur í Landsþinginu danska 58.

Meðalaskrína prófastsfrúarinnar (saga) 70—77. 00
Misrétti 28.
Mjólkursendillinn (saga) 28—36.
Móðbréf 35.

Nútíðarstefnan og konurnar 12.
Næstu verkefnin 35.

Ræða, haldin 19. júní í Reykjavík 41.

Samkomuhús kvenna í Reykjavík 65.
Samskot til Landspítalasjóðsins 17.
Siðir 63.
Stóra syndin hennar ömmu (saga) 6.
Sænskar konur 46.
Svar franskra kvenna til sænskra kvenna og Ellener Key 14.
Systur í öllum löndum 5.

Til kaupenda Kvennablaðsins 90.

Utan úr heimi 11—16.
Útsýni 2.
Um hvað á að kjósa? 74.

Vegurinn að virðingunum (saga) 14—32.
Verkalaun læknanna 50.
Verra gæti það verið 53.
»Værnehjemmet« í Kaupmannahöfn 85.

Ymislegt 72.

Pingmannaefni Reykjavíkur 75.
Þingrof og nýjar kosningar 58.
Þrjú mikilsverð lagafrumvörp 60.
Þýzkaland 20.
Þýzkar konur fá kosningarrétt 2.

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennablaðið.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavík, 30. jan. 1919. | № 1.

Kvennablaðið 1919.

Nú þegar Kvennablaðið byrjar sinn *tuttugasta og fimta árgang* þykir hlýða að staldra við og gera kaupendum og lesendum grein fyrir töf þess að koma út fyrstu mánuði ársins, og líta yfir þau lífsskilyrði, sem fyrir því eru þetta næsta ár.

Eins og allir vita höfum við átt að búa undir þeirri mestu dýrtíð og erfiðleikum, sem sögur fara af, þessi síðustu ár. Allar vörur og lífsnauðsynjar hafa hækkað margfaldlega í verði. Hefir þessi dýrtíð komið tilfinnanlega niður á blöðunum, sem fæst hafa borið sig án styrks frá öðrum, hvað þá nú, þegar prentun hefir hækkað um 160% og pappír *sexfaldast* í verði. Þetta er svo gífurleg kostnaðarhækkun, að hún nemur margfalt meiru en verðhækkun blaðanna sjálfra.

Af *þessum* ástæðum hefir það verið að Kvennablaðið hefir ekki komið fyr út en nú. Ég hefi verið að velta fyrir mér hvort *nokkur* lífsskilyrði fyrir blaðið væru fyrir hendi þetta 25. afmælisár þess. Ég gat ekki séð fært að hækka blaðið í verði við kaupendurna, og greiðslan á andvirði þess hefir síðustu árin verið þann veg, að lítil von væri um að blaðið gæti staðið á eigin fótum heilt dýrtíðarár enn, ef ekki skiftir um skilvísina.

En með því að mig hefir langað til að Kvennablaðið gæti haldið áfram út aldarfjórðunginn undir minni umsjón, þá hætti ég þó á þessar veiku líkur. Ég vil bæði mælast til þess og vona, að kaupendurnir verði við þeim tilmælum mínum að þeir gefi blaðinu þá tuttugu og fimm ára afmælisgjöf, að greiða nú skuldir sínar við það fyrir næstu árslok. Ef allar gamlar og nýjar skuldir blaðsins fást innborgaðar, þá vænti ég að það geti staðið af sér dýrtíðina, þótt það hækki ekki í verði. Ég veit að það á svo marga góða vini um land alt, sem vel gætu unt því þeirrar afmælisgleði.

Vér konur ættum á þessu ári að minnast þess að nú er eftir að leggja síðasta smiðshöggið á stjórnarskrána. Nú standa fyrir dyrum nýjar breytingar á henni, og þá ættum vér að nota tækifærið og krefjast þess að allur mismunur á aldri karla og kvenna fyrir pólitiskum kosningarrétti og kjörgengi yrði upphafinn. Hið nýja, fullvalda íslenzka ríki getur ekki byrjað tilveru sína með því að gera dætrum sínum þá vanvirðu, að ætla að þær hafi ekki andlegan þroska til að nota þessi réttindi við 25 ára aldur eins og karlar, þrátt fyrir það að venjulega er staðhæft, að konur séu fljótþroskaðri en karluenn. Vér vonum að þetta ranglæti gagnvart konum verði nú numið burtu úr stjórnarskrá vorri, og öllum verði gert jafn hátt undir höfði í þessum efnum. Þá fara nýjar pólitiskar kosningar einnig í hönd á næsta hausti, og eigum vér konur þá í annað sinn að nota hin nýfengnu ríkisborgararéttindi vor. Væri æskilegt og sómasamlegra fyrir oss að hluttaka vor yrði meiri þá, en um haustið 1916. Ættum vér vel að gæta þess að sýna að vér hefðum ekki minni ábyrgðartilfinningu fyrir vorum borgaralegu skyldum, en karlmennirnir. Oss kemur jafnmikið við og þeim, að fá á Alþing vitra, víðsýna og heiðarlega löggjafa. Og vér eigum ennþá hægri aðstöðu, því vér erum ekki bundnar gömlum flokkaböndum, sem oft ráða meiru um atkvæði manna, en æskilegt væri.

Það eru þessi verkefni, ásamt ýmsum fleirum, sem Kvennablaðið vill vinna að

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

þetta árið. Geti það nú staðið af sér dýrtíðarstormana. Hvernig um það fer þar á eftir, er nú ekki unt að segja, en líklegt er að þá breytist eitthvað um hagi þess. Að minsta hefi ég altaf búist við að þá mundi ég láta af stjórn og útgáfu þess, þótt enn-þá sé það ekki fullráðið. Mér finst ég hafi gert mína skyldu, með því að halda því uppi í 25 ár, og geti þá með góðri samvizku rýmt sætið fyrir yngri og betri kröftum.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Útsýn.

Síðustu 4 árin hefir sjóndeildarhringur vor Íslendinga verið þröngur, Útsýnin hefir verið byrgð af reykjarsvælu fallbyssukjaftanna. Fregnir af því, sem verið hefir að gerast innanlands meðal allra heimsins þjóða og einkum ófriðarþjóðanna hafa verið óljósar eða því nær engar. Nú er þó lítið eitt farið að birta í lofti. Fallbyssugnýrinn er þagnaður, en reykurinn frá þeim liggur enn sem mara yfir þjóðunum og byrgir útsýnina að miklu leyti. Aðeins örlitlar raufir eru að verða í dimmuna. Um eina slíka smugu höfum vér nýlega fengið nokkrar fregnir af ýmsu því, sem borið hefir við í heiminum, meðan orustugnýrinn og reykjarsvælan byrgði bæði heyrnar- og sjónarfæri manna.

»Jus Suffragii«, málgagn Alþjóðasambands kvenréttindafélaganna hefir verið eina bandið milli kvenna þjóðanna, bæði þeirra hlutlausu og hernaðarþjóðanna þessi 4 ár. Í því hafa alt af staðið við og við fréttir frá þessum 22 sambandslöndum, að því leyti sem löggjöf og hagi kvenna snertir. En af skornum skamti þó og varkárar hafa þessar fregnir verið, sem líklegt er, þar sem ritskoðunin hefir haldið öllu slíku niðri. Greinilegustu og merkilegustu fregnirnar eru þær, sem birtast í 4. tbl. „Jus Suffragii" 1919 í skýrslum frá konum frá ýmsum löndum, þar á meðal frá þremur þýzkum konum. Af þessum skýrslum sjáum vér að blöðin hérna hafa litla hugmynd haft um ýmsa merka viðburði, sem leitt hafa beint og óbeint af stjórnarbyltingunum í hinum ýmsu ríkjum. Ein af merkustu skýrslunum er frá hinni nafnkunnu gáfuðu forstöðukonu kvenréttindaríkissambands þýzkra kvenna Der Reichsverband für Frauenstimmrecht) Maríu Stritt og fer hún hér orðrétt á eftir:

Þýzkar konur fá kosningarrétt.

Það sem enginn barðist fyrir nema lítið sambandsfélag kvenréttindakvenna af miðlungsstéttunum, án nokkurs útlits um sigur — það sem krafist var í stefnuskrá kvennaráðs Þýzkalands, það sem stefnuskrá verkamannaflokkanna bjóst ekki við að fengist fyr en í meira eða minna fjarlægri framtíð — það sem allir afturhaldsflokkar þverneituðu samkvæmt stefnu sinni — það komst í framkvæmd í gærkveldi, ekki eins og ávöxtur áratuga vinnu, eða eins og verðlaun fyrir góða hegðun, eins og hinir hálfvolgu fylgismenn kvenréttindamálsins gáfu okkur í skyn, ekki veitt úr hnefa, í afborgunum eða stigum, með takmörkuðum kosningarrétti til bæjarstjórna og landþinga, eins og annarstaðar hefir átt sér stað, heldur hefur ofveður stjórnarbyltingarinnar í hendingskasti fleygt í fang okkar fullkomnum borgararéttindum — ótakmörkuðum að öllu leyti, hvorki með eigna, uppeldis eða aldurstakmörknum, jöfnum fyrir alla undartekningarlaust: almennum, jöfnum, leynilegum og persónulegum, kosningarrétti í sambandsríki, löndum og bæjum, fyrir alla karla og konur sem hafa náð 20 ára aldri.

Þetta er gerbreyting án nokkurra millistiga frá algerðu pólitisku réttindaleysi til fullkomins borgaralegs frelsis. Slíkt hefir ekkert land veitt dætrum sínum. Þetta er eitthvað alveg nýtt, óhugsanlegt, eins og kraftaverk, sem erfitt er að trúa á fyrst í stað, jafnvel fyrir þá, sem varið hafa lífi sínu til að vinna að því.

Það sem okkur hefir nú verið veitt með valdi, undir ræðismensku öreigalýðsins, því munum við fá að halda, er við búum við reglubundið og varanlegt skipulag, sem nú fer í hönd eftir þjóðþingið. Það virðist ómögulegt, þegar litið er á sigur lýðveldisstefnunnar í sambandsríkinu og bandalöndunum, að stjórnarskrá hins nýja þýzka lýðveldis svifti þýzkar konur þeim réttindum, sem stjórnarbyltingin hefir veitt þeim.

Þrátt fyrir þessa föstu sannfæringu hafa kvenréttindafélögin hér ekki fylst þeim fögnuði, sem þessi ómetanlega þýðingarmikli viðburður mundi hafa valdið á venjulegum tímum. Uppfylling heitustu óska okkar kom á dimmustu stundinni, undir fargi hinna beizkustu örlaga, sem mikil þjóð hefir nokkurn tíma orðið fyrir. Eftir fimmtíu og eins mánaðar tilgangslaus morð og eyðileggingu, óseggjanlega sorg og eymd, eftir hina hörðu vopnaskilmála, horfum við fram á möguleika og líkur til hinnar beizkustu fáræktar, sem við getum naumast gert okkur í hugarlund. Hverjum nýjum degi mætum við með sömu áhyggjuspurningunni: „Hvað getur enn bæzt við?"

Og nú eigum við skyndilega ekki einungis að hvetja og undirbúa hinn mikla fjölda kvenna eins og við höfum áður gert, til þess að bera með þolinmæði hina hræðilegu nútíð og framtíð. Við eigum einnig að vekja hjá þeim alveg nýja hæfileika og krafta, svo þær geti notað vald það er þeim hefir verið fengið í hendur, samvizkusamlega og á réttan hátt. Við verðum að gera þeim ljóst, að upp frá þessu séu þær ekki einungis hjálparvana verur, sem þjáist undir hinni sameiginlegu byrði, heldur eigi þær hver sinn þátt í því að skapa örlög þjóðar sinnar — að þeim sé trúað fyrir því hlutverki að koma í veg fyrir verstu meinin og að gera það ómögulegt, að skelfingar síðustu fjögra áranna geti komið fyrir aftur. Tilfinning sú, er borið hefir alt annað ofurliði, þegar við hugsuðum um þenna mikla sigur, hefir einkum verið hugsunin um geysilega ábyrgð. Þegar við höfum sýnt að við getum borið hana -- þá mun fögnuðurinn koma í ljós.

Í stuttu máli er verk það, sem fyrir hendi er, að ná til tuttugu og einnar miljónar kvenkjósenda í bæjum og sveitum, að upplýsa þær, sem ekkert þekkja til stjórnmála um strauma í stjórnmálum, og flokkastefnur, að kynna þær hinu margbrotna fyrirkomulagi á nýjum kosningalögum, að styrkja þær að svo miklu leyti sem hægt er gegn tilraunum flokkanna til þess að ná þeim á sitt band og færa sér þær í nyt.

Auðvitað hefir verið byrjað á þessu við hina nýju og óreyndu kjósendur eftir að stækustu afturhaldsflokkarnir — eins og þeir gera altaf og allsstaðar — hafa sætt sig ótrúlega auðveldlega við kosningarrétt kvenna, þegar litið er á hina fyrri áköfu mótspyrnu þeirra, og hafa í skyndi breytt stefnuskrá sinni eftir því.

Alt þetta og miklu fleiri margvísleg störf eigum við að inna af hendi á fáum vikum, því fyrsta og þýðingarmesta tækifærið, sem þýzkir kvenborgarar fá til þess að neyta atkvæðaréttar síns, verður við kosningarnar til þjóðþingsins, sem á að ráða fram úr þýðingarmestu málefnunum fyrir líf þjóðarinnar, sem á að byggja hús hins nýja Þýzkalands, þar sem við verðum aftur að koma okkur fyrir.

Og við eigum líka að sjá um að konurnar beri ekki einungis steina til byggingarinnar, heldur hjálpi sjálfar til þess að byggja sem kosnir fulltrúar, og að þeir verði sem flestir. Það er bersýnilegt, að kvenréttindafélögin ein eru alt of fámenn til þess að takast svo tröllaukið starf á hendur — hvað mikið sem þau vildu legga á sig.

Jafnvel kvennaráðið þýzka, sem hefir sambandsdeildir svo þúsundum skiftir, getur ekki náð til allra þeirra kvenna sem þarf að fá í lið með okkur, auk kvenna þeirra, sem eru í verkamannaflokknum og miðflokknum (katólska) og eru þegar bundnar í pólitiskum skilningi.

Við óskum þess einlæglega að sambandsnefnd þýzkra kvenfélaga megi fá mikinn árangur af starfi sínu, sem undir því er komið að hægt verði að sameina svo gerólíka krafta og fá þá til að vinna saman. — Í nefnd þess-

ari eru kvenfélög með ólíkustu skoðunum, á meðal þeirra eru jafnvel félög, sem hafa verið andvíg kosningarrétti kvenna. Takmark nefndarinnar er að búa konur undir þjóðþingið. Á þenna hátt verður ekkert dregið úr óþreytandi starfsemi hvers einstaks félags, sem verður enn nauðsynlegri vegna þess að framkvæmdarvaldið verður í þeirra höndum. Þetta á einkum við um félagsdeildir okkar og sérstaklega á þeim stöðum, þar sem ekkert starfandi kvennaráð er til. Ríkissamband kvenréttindafélaganna, kvennaráðið þýzka og önnur sambandsfélög hafa sent út flugrit, sem öll eru í samræmi hvort við annað og skýra frá aðal-dráttum hinnar fyrirhuguðu starfsemi.

Tvö aðalhlutverk liggja fyrir okkur: annarsvegar að vekja konur til þess að gera skyldu sína og kjósa, hinsvegar að fá flokkana til þess að styðja konur sem þingmannaefni og gera það ekki að eins að nafninu til, með því að láta þær fá neðstu sætin á listum sínum, heldur gefa þeim svo góð sæti að útlit verði til þess að þær nái kosningu.

Fyrra hlutverkið verða félögin aðallega að leysa af hendi, áhrif einstakra kvenna verða að vinna hið síðara, í samræmi við kjörorð það, sem við höfum valið okkur við þessar fyrstu kosningar: pólitiskt hlutleysi sambandsfélaganna, sem almennasta þátttöku einstakra kvenna í stjórnmálaflokkunum — enga kvennalista, sem ekkert útlit hafa um sigur. —

Starfsvið stjórnmálanna, sem opnast nú þýzkum konum er þeim eins og nýtt land Eftir fáeinar vikur er komið að úrslitastundinni, og þá á hinu geysimikla starfi okkar að vera lokið.

Mætti hin þunga reynzla síðustu áranna kenna okkur að standast þetta örðuga próf með sæmd.

Friðarfundir í Haag.

Eins og kunnugt er, hefir Haag, höfuðborgin í Hollandi, verið kjörin til að halda friðarþingin í, sem menn hafa á undanförnum árum verið að setja á laggirnar. Í einhverju af íslenzku blöðunum var nýlega hrafl af sögu þessara friðarfunda. En um síðasta friðarfundinn í Haag þagði blaðið. Það var sumarið 1914, að konur héldu síðasta friðarþingið þar. Ófriðurinn var þá hafinn, og enskar og franskar konur fengu ekki leyfi til að sækja þingið. En þangað komu þó konur frá 22 löndum. Þar voru samþyktir aðaldrættir í gerðardómum þeim, sem ætti að fyrirbyggja ófriðinn framvegis, og áherzla lögð á, að milli ófriðarþjóða megi aldrei semja þann frið, sem bæri í sér fræin að nýjum ófriði, vegna harðra ókosta, landamissis og hernaðarskaðabóta, sem sigruðu þjóðirnar mundu ekki rísa undir og yrði því til að ala á heift og hefndargirni.

Nú í desember síðastl. hafa friðarnefndir flestra þjóða æskt opinberlega eftir nýjum friðarfundi kvenna, í sambandi við friðarfund ófriðarþjóðanna, en þá líklega höldnum annarsstaðar — líklegast í Haag.

Hvort nokkuð verður af þessum friðarfundi kvenna er enn þá óvíst. Bæði enskar og amerískar konur heimta að konur verði teknar með í friðarnefnd bandamanna í vor. En ekkert heyrist en um að alþjóðakvennaþing verði háð í París samhliða honum, sem þó hafði verið ráðgert eða talið æskilegt af allmörgum konum.

En af öllum þeim ógreinilegu fregnum, sem hingað berast af afarkostum þeim, sem bandamenn setji sigruðu þjóðunum, einkum Þýzkalandi, þá má varla vænta þess að alþjóðafriðarfundur kvenna eða karla, sem standa fyrir utan alla þessa hernaðarþjóðapólitik muni hafa mikið að segja, Meginregla sigurvegaranna virðist muni vera að láta kné fylgja kviði, og fylgja þannig hinni gömlu rómversku reglu, að sigraðir menn verði að gera sér alt að góðu. — —

Hvenær mýkjast siðirnir? Hvenær verður siðmenning þjóðanna meira en litur, yfir upprunalega villimannaeðlinu? Og hvenær tekst kristindóminum að gerbreyta játendum sínum svo, að hann hafi áhrif á alla breytni þeirra?

„Systur í öllum löndum"!

Ellen Key tók neyðaróp, eða bæn þýzkra kvenna upp í áskorun þá, sem hún sendi til Bandamanna, um vægð fyrir Þýskaland og að afnema þá afarkosti vopnahlésins sem, útibyrgðu Þýzkaland frá umheiminum og mundi valda miljónum kvenna og barna hungursdauða.

Hin fræga skáldkona Selma Lagerlöf ritaði einnig áskorun til mæðranna í Bandamannalöndunum, sem sigrað hafa, að gera sín áhrif gildandi og fá vægð fyrir þýzku þjóðina, eða sérílagi börn hennar og konur, og samtímis þessu söfnuðu bæði sænskar og norskar konur nokkrum tugum þúsunda undirskrifta kvenna, undir þessar áskoranir. Þýzkar konur hafa einnig snúið sér beint til franskra kvenna og beðið þær að tala máli þeirra við stjórn Frakklands.

Þessu bænarópi þýzkra kvenna hafa franskar konur svarað með því að minna þýzkar konur á glæpi þýzku herstjórnarinnar, um Lusitaniu, sem sökt var með öllum farþegum, um kafbátana þýzku, um meðferð Belgíu og um þeirra eigið svar, þegar franskar konur báðu þær að mótmæla öllum þeim ódáðaverkum, sem unnin voru í Belgíu og Norður-Frakklandi af þýzkum her: »Vér verðum að hafa sameiginlegar skoðanir og sameiginleg mál með stjórn vorri og mönnum hennar.«

Síðast kemur fregn um að enskar konur, með mrs. Fawcett í fylkingarbroddi svari á sömu leið, og minni þær á kafbátahsrnaðinn og að fyrst verði að tryggja nægan matarforða handa sambandsþjóðunum og hlutlausu þjóðunum. Það virðist vera eins með konurnar og karlmennina að þar sé »engin' miskun hjá Magnúsi«.

Um þetta segir sænska kvenréttindablaðið »Rösträtt för kvinnor«.

»Menn telja gamlar skuldir með tölum, menn meta kalt og þurt eins og með vog eða reikningsvél, menn svara: auga fyrir auga og tönn fyrir tönn.

En það er ekki réttlæti, sem þýzkar konur hafa beðið um. Það, sem þær hrópa og biðja um er: Náð.

Undarlegt er það að konur, þótt þær búi í öðrum löndum og þótt þær nýlega hafi verið óvinir, geti daufheyrst við þessu ópi. »Vér höfum svo lengi verið hungraðar« — segja þær í því, — »börnin okkar þola ekki meira, fátækustu mæðurnar, sem hafa hungrað svo lengi, sem verða að lifa til að annast börn sín, þola þetta ekki lengur, þær hafa enga krafta eftir . . . « Heyra þá ekki konurnar í hinum ókunnu löndum, hjartans neyðarópið sem felst í þessum orðum?«

Við, sem stöndum utan við, skiljum ekki svar þeirra og heyrnarleysi. Þær geta hafa þjáðst ósegjanlega mikið, en ef menn ættu aldrei að hjálpa öðrum en þeim, sem ekkert ilt hefðu gert, aldrei gleyma glæpum, sem sjálfir voru tilefni til ills, aldrei gleyma því illa, sem gert er á móti manni sjálfum, hvað væri þá að hjálpa? Er sá sem þjáist ekki jafn ógæfusamur, þótt að brotin væru drýgð á öðrum tímum. Herstjórn Þýskalands getur hafa verið mjög ómannúðleg, en hver af oss veit hve langt menn geta hrifist með af því, sem stjórnirnar kveða nauðsynlegt í grimdaræði stríðsins? Og geta nú þær, sem þessar bænir eru stílaðar til, algerlega hreinsað sig af því að hafa ekki hrifist neitt með af hernaðarbrjálseminni? Það sorglega og hræðilega við þetta, sem við nú erum sjónarvottar að, er það, að þær virðast enn þá snortnar af hernaðargrimdinni. Þegar menn vakna eftir trölladans stríðsins, þá virðist sem þær hafi vaknað upp til haturs og hefndar, í stað þess að vakna til umburðarlyndis og mildi. Í stað þess að sigurvegaranum ber að vera göfuglyndum og viðsýnum, hafa þær vaknað upp til hefndar, og eru kaldar og negnandi.

Neyðaróp þýzkra kvenna var ekki þann veg meint. Þegar sá sigraði snýr sér til sigurvegarans, þá er ekki að ræða um réttlæti, heldur um miskunn. Finst okkur ekki að þýzkar konur hafi orðið oss hugðnæmari síðan þær fengu kjark til þess að trúa á það ómögulega, að senda út slíka bæn, að

vona, þar sem engin von var. Okkur hefði líka þóttt vænt um að sjá franskt göfuglyndi í sínum fylsta ljóma, að sjá enska kvenlega samábyrðartilfinningu með systrunum í öllum löndum, sem þaggaði niður allar sársaukatilfinningar fyrir því, sem þær hefðu sjálfar þolað.

Hvað er það líka annað að konur tala beint til kvenna um þau mál, er nýlega heyrðu undir fjandmennina, ef það er ekki spurning um dóm, eftir réttlátum mælikvarða? »Nú eigið þér að sjá og dæma með hjörtum yðrum, skilja að við líðum allar kvalir örvæntingarinnar, og vegna þess að vér erum mæður, og þér eruð mæður, svo grátbænum vér yður um vægð og miskunn«.

Menn rísa ekki á fætur eftir slíkt bænar knéfall, sem hefir fengið nei, án þess að hafa fengið stungu í hjartað, og sá broddur situr þar lengi. Ó, aðeins að konurnar í löndum sigurvegaranna vildu nú skilja þetta! Við hinar, sem finnum að friður milli allra landa verður að fást, ef heimurinn á ekki að tortínast, vér titrum við að sjá þessa beiskju, vér viljum gera alt sem í voru valdi stendur til að draga úr henni. Oss finst sú skylda og ætlunanverk vort hálfu erfiðara en áður, að leitast við að eftirláta komandi kynslóðum systkinatilfinninguna, en það hlutverk verður nú líka margfalt nauðsynlegra en áður. — — —«

Vér eigum bágt með að trúa því að enskar og amerískar konur geti ekki fundið til með þýzkum konum og vilji ekki gera alt til að lina neyð þeirra, en vér skiljum einnig að franskar konur, sem hafa liðið margt, sem enn þá er verra en sultur, af völdum þýzka hersins, eigi erfitt með að gleyma því. Það er svo mannlegt að það væri full vorkunn, því þó það sé guðdómlegt að fyrirgefa, þá eiga svo margir erfitt með það, af því þeir eru aðeins menn. — En að því skyldu þó konur sigurvegaranna gæta, að saklausar eru þýzku konurnar og börnin þeirra af þessum hernaðarsyndum. Og geti nokkrar konur af óvinaþjóðunum rétt út höndina til hjálpar, þá er líklegt að það verði þær frönsku, því franska þjóðin er í heild sinni mesta menningarþjóð Evrópu, það hefir hún jafnan sýnt.

Stóra syndin hennar ömmu.

(Þýtt úr sænsku.)

[Frh.] Gippi reyndi aldrei að vitja um töskuna þegar mamma eða pabbi voru við. Það var helzt þegar hann og amma voru óhult niðri í garðinum, að rannsóknin hófst. Stundum bar það líka við, að hún fór fram inni í herbergjunum, ef regn var eða vont veður, svo maður gat ekki verið úti, og þá að minsta kosti þegar óhætt var fyrir óviðkomandi augum.

Amma leit jafnan alt í kringum sig áður en hún opnaði töskuna. Hún var, eins og skiljanlegt er, svolítið smeyk, og skildi miklu betur en Gippi hvaða afleiðingar slík uppgötvun gæti haft. En hún tók á sig áhættuna. Það var alt of freistandi að sjá hvað Gippi varð sæll. Og þegar hann skreið upp í kjöltu hennar til þess að þakka henni, vafði litlu handleggjunum um háls henni og þrýsti hlýju votu litlu vörunum sínum að kinninni á henni, þá var hún svo nærri himnaríkis sælu, sem nokkur manneskja getur verið.

„Honum þykir vænt um ömmu sína, litla hjartabarninu", söng inni í henni, löngu seinna. — Honum þykir vænt um ömmu sína!

Það var einmitt einn slíkan rigningardag, þegar enginn gat verið að fara út, amma og mamma sátu báðar inni í dagstofunni með handavinnu sína, en Gippi var í barnaherberginu, sem var innar af og bygði þar háreistar hallir úr litlum byggingarklossum. En dyrnar milli herbergjanna vildi hann samt hafa lokaðar, til þess að aðdáunin að höllinni hans yrði ennþá meiri, þegar hann opnaði dyrnar upp á gátt, til að sýna hið tilbúna meistaraverk.

Meðan á einni slíkri byggingu stóð, skrapp mamma hans fram til einhvers. Hann heyrði fótatakið hennar yfir gólfið og út í forstofuna. Hann kom þegar í gættina og skygndist inn í dagstofuna, stakk svo höfðinu alveg inn og skimaði í allar áttir. Þegar hann sá engan inni nema ömmu, þá spurði hann hana í lágum leiksviðsrómi:

„Er mamma farin?"

„Já", hvískraði amma enn þá lægra.

„Jæja, þá er okkur óhætt", sagði Gippi. Og án þess að gæta lengur nokkurrar varkárni flugu fæturnir yfir gólfið til ömmu, sem sat þar í stóra gamla hvílustólnum. En fyrir aftan hana á stólbakinu lá hin langþráða taska, hálf-falin undir

sjalinu hennar, og Gippi fann hana fljótt fyrirhafnarlítið. Litla hendin hans var ekki sein á sér að komast ofan í hana og kom fljótt aftur upp með inndælasta sælgætismola. En einmitt þegar hann var í þann veginn að stinga honum upp í sig staðnæmdist handleggurinn, og hendin komst ekki lengra.

Á þrepskildinum stóð mamma hans, föl og alvarleg. Hún hafði staðið svolítið við frammi í forstofunni og verið að aðgæta einhvern af frökkum mannsins síns, sem þurlti viðgerðar með, og hafði þannig séð alt, sem fram fór í stofunni i speglinum í forstofunni. Þar hafði hún séð Gippa gægjast inn um dyrnar á barnaherberginu, hafði heyrt hann spyrja ömmu, og hið ánægjulega svar hans aftur: „Þá er okkur óhætt". Þau voru þannig í reglulegu samsæri á móti henni bæði tvö, og öll þeirra háttsemi lýsti því, að það var ekki í fyrsta sinni, sem þau fóru þessu fram bak við hana.

Hún gekk inn til Gippa, sem stóð skömmustulegur og þegjandi með hendina enn þá á miðri leið að munninum, tók af honum sælgætisbitann, lagði hann á borðshornið, og sagði alvarlega:

„Þú veizt, að þú mátt ekki borða sætindi, Gippi.

Hún sagði heldur ekki meira um þetta. En svo varð dauðaþögn í herberginu.

Gippi fann til allrar hamingju fljótt litla, hvíta ullarhundinn sinn, sem hjálpaði honum úr vandræðunum, og það leið ekki á löngu áður en hann fór aftur að spjalla og gera athugasemdir. En mamma, sem sat og saumaði, og amma, sem sat og heklaði, töluðu ekki eitt orð frá munni hver við aðra.

Amma hafði engar ávítur fengið. Það hefði ekki verið tilhlýðilegt fyrir Gerðu að setja ofan í við tengdamóður sína. En augnalokin hennar, sem lokaðust alveg ofan fyrir augun, og lyftust ekki það minsta til að augun fengju að litast í kringum sig, og alvarlegi munnurinn hennar, sem ekki talaði eitt einasta kurteisisorð til að rjúfa þögnina, talaði sínu auðskilda máli.

„Þú hefir aðhafst ljótt", sögðu þau við gömlu ömmu. „Mjög ljótt. Þú hefir gengið hér og laumast og svikið mig bak við mig, og kent barninu mínu að laumast og svíkja mig. Þú ert óábyggileg manneskja, sem hefir fyrirgert virðingu minni og trúnaði".

Heklunálin fór að titra í hendinni á ömmu. Það er erfitt fyrir ungt fólk að líða smán og fyrirlitningu, en margfalt verra er það fyrir gamalt fólk, sem ellin hefir rænt svo mörgu, en að eins gefið einn kost fram yfir unga fólkið, almennu virðinguna, sem menn álíta að tilheyri ellinni. En hvað verður af þessum yfirburði, þegar svívirðingin hittir það?

Amma þoldi ekki lengur að sitja þarna við hliðina á Gerðu eins lengi og vant var. Hún strauk hendinni um ennið. Hún hafði fengið höfuðverk og var þreytt. Það var víst bezt að hún færi heim, sagði hún.

Og svo gekk hún heim í einveruna til sjálfrar sinnar í tvö litlu herbergin sín, og gekk aftur og fram um þau og fram í eldhúsið. Hún var að smádunda við hitt og þetta sér til afþreyingar til að dylja óþreyju sína og undrun yfir viðburðum dagsins. En óróin og undrunin vildi ekki víkja frá henni. Altaf var hún að hugsa um hvað sonur hennar mundi hugsa um hana, þegar Gerða færi að segja honum frá öllu saman. Ætli að Karli mundi finnast hún hafa drýgt svona stóra synd, og skammast sín fyrir hana fyrir konunni sinni? — Ó, þau bæði ættu nú samt ekki að dæma hana svo hart, því þau höfðu svo miklu betri aðstöðu en hún. Fyrir þau voru engir erfiðleikar að vinna litla hjartað hans Gippa. Þau fengu það alt fyrirhafnarlaust, af því að hann var barnið þeirra og hann gat altaf verið hjá þeim, og hann vissi að hann var eitt af þeim og hnnn ætti þau og þau ættu hann, og að þau hefðu bæði vald og vilja til að stjórna öllu fyrir hann, honum til góðs. En hvað gat hún aumingja amma hans gert til þess að komast inn í litla hjartað hans, sem hún þráði svo mjög. Hún hafði ekki nema svo fá og lítil ráð til þess. Og svo kom freistnin að nota eitt, sem var forboðið. Nei, þau tvö ættu nú ekki að dæma svo strangt.

Næsta morgun spurði hún sjálfa sig oft, hvort hún ætti að fara aftur til Gippa. Það var ekkert gaman að þurfa að hitta Gerðu aftur. En að neita sér um að sjá Gippa . . .

Nei, það gat hún ekki. Og svo stóð hún þar á sama tíma og vant var og hringdi á forstofudyr sonar síns. En þann dag heyrðust engin lítil hlaupandi apor þar inni. Og þegar hún komst inn, þá kom tengdadóttir hennar á móti henni og sagði henni að Gippi væri sofnaður. Hann hefði verið svæfður fyrri en venjulega af því hún ætlaði að taka hann út með sér á eftir, til að kaupa honum nýja skó, og þá yrði maður að hafa tímann fyrir sér. —

„En vill mamma ekki koma inn?"

Nei, amma vildi ekki koma inn. Hún hafði ýmislegt að gera og ljúka við heima.

Og svo fór hún aftur heim til sín. En ekki gat hún haft ró í sér til að gera nokkurn skapaðan hlut annað en að hekla. Og það gekk mjög seint. Oft og lengi lá heklutauið í kjóltu hennar, meðan hún sat í þungum hugsunum.

En nú var eftir að vita hvort breytingin á svefntíma Gippa hefði verið gerð af ásetningi hennar vegna. Ætlaði Gerða að draga Gippa frá henni? Því varð hún að komast eftir.

Næsta morgun fór amma aftur og hringdi á